

Menningarráð Vestfjarða

www.vestfirskmenning.is – menning@vestfiridir.is – s. 891-7372



Skýrsla um starfsárið 2008

1. Menningarráð Vestfjarða og menningarfulltrúi

Grundvöllur starfseminnar

Starfsemi Menningarráðs Vestfjarða byggir á tveimur samningum. Annars vegar er samningur milli menntamálaráðherra, samgönguráðherra og Fjórðungssambands Vestfirðinga um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. Hann var undirritaður 1. maí 2007 að Staðarflöt í Hrutafirði. Hins vegar er samningur milli sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál sem undirritaður var 10. júní 2007 í Sævangi við Steingrímsfjörð. Báðir samningar gilda út árið 2009.

Jafnframt þessum samningum byggir starfsemi Menningarráðs Vestfjarða á stofnsamþykktum Menningarráðsins sem samþykkt voru af stjórn ráðsins í júlí 2007. Í þeim er sagt til um vinnubrögð og verklag, stjórnarskipun, aðalfund og starfshætti almennt.

Samkvæmt samningum og samþykktum skal Menningarráð Vestfjarða vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. Hefur Menningarráðið meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæðinu og standa fyrir öflugum þróunarstarfi. Einnig að úthluta fjármagni í formi verkefnastyrkja til menningarstarfsemi og menningartengdrar ferðaþjónustu á Vestfjörðum samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga og hafa eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Stjórn Menningarráðsins er skipuð sjö fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fulltrúar skiptast þannig að einn fulltrúi er frá Strandasýslu og Reykhólahreppi, einn fulltrúi er frá Vestur-Barðastrandarsýslu, einn fulltrúi frá Bolungarvík og Súðavíkarhreppi og tveir fulltrúar frá Ísafjarðarbæ. Auk þess tilnefnir Fjórðungssamband Vestfirðinga tvo fulltrúa.

Menningarráð Vestfjarða

Fulltrúar eða stjórnarmenn í Menningarráði Vestfjarða árið 2008 voru:

Gunnar Hallsson, formaður, í Bolungarvík (tilnefndur af Bolungarvík og Súðavík)

Ólína Þorvarðardóttir, varaformaður, á Ísafirði (tilnefnd af Ísafjarðarbæ)

Gerður Eðvarsdóttir á Ísafirði (tilnefnd af Ísafjarðarbæ)

Leifur Ragnar Jónsson á Patreksfirði, (tilnefndur af Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi)

Arnar S. Jónsson á Hólmavík (tilnefndur af sveitarfélögum á Ströndum og Reykhólahreppi)

Dagbjört Hjaltadóttir á Súðavík (tilnefnd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga)

Sveinn Valgeirsson á Tálknafirði (tilnefndur af Fjórðungssambandi Vestfirðinga)

Menningarfulltrúi Vestfjarða

Jón Jónsson þjóðfræðingur á Kirkjubóli á Ströndum hefur gengt starfi menningarfulltrúa Vestfjarða frá 1. september 2007. Vinnur hann eftir starfslýsingu sem fylgdi ráðningarsamningi þar sem fram kemur m.a. að helstu verkefni hans séu eftirtalin:

- A. Dagleg umsýsla fyrir Menningarráð Vestfjarða
- B. Þróunarstarf í menningarmálum á Vestfjörðum
- C. Fagleg ráðgjöf og verkefnastjórnun
- D. Umsóknir um styrki og kynning
- E. Efling samstarfs á sviði menningarmála
- F. Umsjón með styrkjum til menningarstarfs og kynning á verkefninu

Menningarráð Vestfjarða hefur frá því í desember 2007 haft aðsetur og skrifstofu að Höfðagötu 3 á Hólmavík. Vorið 2008 var Þróunarsetri komið á laggirnar í því húsnæði að frumkvæði Strandabyggðar, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og aðila sem höfðu starfsemi í húsinu. Var Þróunarsetrið opnað formlega og við hátíðlega athöfn samhliða úthlutun styrkja Menningarráðsins á sumardaginn fyrsta, 23. apríl 2008. Jón Jónsson menningarfulltrúi hefur tekið virkan þátt í að koma Þróunarsetrinu á Hólmavík á laggirnar og móta starfsemi þess.

2. Starfsemi Menningarráðs Vestfjarða 2008

Helstu verkefni 2008

Alls voru haldnir 10 bókaðir stjórnarfundir hjá Menningarráði Vestfjarða á árinu 2008, auk aðalfundar sem haldinn var 18. júní í Þróunarsetrinu Skor á Patreksfirði. Á aðalfund mættu auk menningarfulltrúa og stjórnar Menningarráðsins, fulltrúar sveitarfélaganna á Vestfjörðum, en þeir fara með atkvæðisrétt á aðalfundi í takt við íbúafjölda 1. desember árið áður.

Stjórnarfundir voru á árinu 2008 haldnir á Ísafirði, Bolungarvík, Hólmavík og Patreksfirði. Vegna vegalengda og erfiðleika með ferðalög um fjórðunginn yfir vetrartímam, þá eru margir fundir Menningarráðsins haldnir með aðstoð símfundarbúnaðar þar sem hluti fundarmanna er staddur á fundinum, en aðrir hringja þá inn á fundinn.

Á árinu 2008 var áfram unnið að því að kynna Menningarráðið og var meðal annars sent fréttabréf á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum þar sem sagt var frá starfsemi þess. Nokkuð var um fréttir og viðtöl tengd starfsemi Menningarráðsins í fjölmiðlum, m.a. í ríkisútvarpinu, svæðisútvarpi, sjónvarpi, Bændablaðinu, fréttar-

blöðum og fréttavefjum, bæði á landsvísu og í fjórðungnum. Frétt um afhendingu styrkja vorið 2008 og opnun Þróunarseturs á Hólmavík á sama tíma kom í sjónvarpi. Starfsemin var kynnt á vettvangi sveitarstjórna á Vestfjörðum með erindi menningarfulltrúa á þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga á Reykhólum í september, auk þess sem starfsemi Menningarráðsins var kynnt og rætt um áherslur og stefnu á aðalfundi ráðsins í júní. Að mati menningarfulltrúa er mjög mikilvægt að hann eða annar fulltrúi Menningarráðsins sitji þing Fjórðungssambands Vestfirðinga, bæði til að efla tengsl við sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn, en ekki síður til að stuðla að umræðu um starfsemi Menningarráðsins og menningarmál á þeim vettvangi.

Nokkur vinna fer í að halda úti vefsíðu Menningarráðs Vestfjarða á slóðinni www.vestfirskmenning.is en vefurinn er keyrður í vefumsjónarkerfinu Snerpli sem Snerpa á Ísafirði hannaði og sér um rekstur á. Þar er að finna fréttir af starfsemi ráðsins og úr menningarlífinu, upplýsingar um Menningarráðið og fundargerðir þess, fregnir af styrkjum, eyðublöð og umsóknarform, tenglabretti inn á vestfirska menningarvefi og atburðadagatal þar sem fram kemur hvað er á döfinni. Hugmyndin er að á næstunni verði gert átak í samvinnu við væntanlegt félag vestfirskra listamanna og vestfirskan safnaklasa sem eru í undirbúningi til að vefsíðan nýtist betur – bæði til markaðssetningar á menningarviðburðum til almennings og fréttamiðla og einnig í starfi menningarstofnananna og félaganna sjálfra.

Menningarráð Vestfjarða hafði samvinnu við Ferðamálasamtök Vestfjarða um að halda á árinu 2008 ráðstefnu um menningartengda ferðaþjónustu í tengslum við aðalfund Ferðamálasamtakanna í Bjarkalundi og á Reykhólum 25.-26. apríl. Jón Jónsson menningarfulltrúi og Guðrún Helgadóttir prófessor við ferðamálabrautina við háskólann á Hólum fluttu þar inngangserindi, en einnig voru kynnt og rædd fjölmörg verkefni sem unnið er að í menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Menningarráð Vestfjarða stóð haustið 2008 fyrir námskeiðum í gerð styrkumsókna, þar sem Jón Jónsson menningarfulltrúi leiðbeindi um ýmis grundvallaratriði. Fyrst og fremst var fjallað um gerð umsókna til Menningarráðsins, en að sjálfsögðu nýtast slíkar leiðbeiningar einnig fyrir umsóknir til annarra aðila. Námskeiðin voru haldin á fjórum stöðum á Vestfjörðum; Reykhólum, Patreksfirði, Ísafirði og Ströndum. Alls mættu um 40 manns á námskeiðin, en allir voru þar velkomnir og þurftu ekki að greiða þátttökugjald eða skrá sig fyrirfram. Notað var kennsluefni sem menningarfulltrúar Vestfjarða, Norðurlands vestra og Eyþings höfðu haft samvinnu um að þróa. Sama kennsluefni hefur verið sent þeim sem óskað hafa eftir ítarlegri leiðbeiningum við gerð umsókna.

Drjúgur tími menningarfulltrúa Vestfjarða hefur einnig farið í að aðstoðað þá sem eftir því leita við að sækja um fjármagn til verkefna út fyrir svæðið, og hefur menningarfulltrúi lesið yfir og leiðbeint við gerð ófárra umsókna. Einkum tengdist

sú vinna umsóknum til fjárlaganefndar Alþingis árið 2008, en einnig gerð umsókna í ýmis verkefni Iðnaðarráðuneytis í sambandi við mótvægisáðgerðir og fleiri sjóði.

Menningarfulltrúi tók þátt í nokkrum fundum og ráðstefnum og hafði framsögu eða flutti erindi á þeim ef þess var óskað, bæði innan fjórðungs og utan. Þar má t.d. nefna Listamannaþing í Ísafjarðarbæ sem haldið var á Ísafirði í apríl, þar sem Menningarráðið og starfsemi þess var kynnt. Einnig má nefna málþing í Ólafsdal í ágúst þar sem menningarfulltrúi flutti erindi og fyrirlestur við opnun lista-sýningarinnar Dalir og Hólar í júlí, en sú sýning náði yfir Dalasýslu og Reykhólahrepp og var styrkt af Menningarráðinu.

Menningarfulltrúi sat nokkur námskeið á árinu 2008 sem nýst geta í starfi hans, m.a. um markaðssetningu og styrkumsóknir, einkum á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Eins má nefna námskeið um styrkumsóknir í erlenda sjóði sem haldin voru á Hvammstanga og í Reykjavík. Þá má nefna að menningarfulltrúi hafi umsjón með vinnu Þórunnar Kjartansdóttur háskólanema við verkefni sem tengdist þjóð- og matarháttum í Breiðafjarðareyjum sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Menningarfulltrúi tók þátt í ýmsum fundum og ráðstefnum, til dæmis má nefna fund Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu í Eyjafirði, Farskóla safnmanna 2008 á Ísafirði, málþing um matartengda ferðaþjónustu á Ísafirði, málþing um mat og menningu á sunnanverðum Vestfjörðum á Patreksfirði og áfram mætti lengi telja. Ennfremur tekur menningarfulltrúi þátt í hugmyndavinnu og situr fundi sem tengjast þróunarvinnu við einstök verkefni, ef þess er óskað.

Jafnframt hefur menningarfulltrúi á árinu 2008 sótt allmarga atburði á starfssvæðinu, einkum þó ráðstefnur og fundi þar sem tími og tækifæri gefst til að ræða við ráðstefnugesti og fundarmenn. Ógerlegt er hins vegar vegna tíma og kostnaðar að menningarfulltrúi sækji alla viðburði, uppákomur og atburði í vestfirsku menningarlífi, einkum þá sem langt er að sækja. Á móti kemur að stjórnarmenn í Menningarráðinu eru einnig virkir í fylgjast með því sem um er að vera í menningarlífinu hver á sínu svæði og sækja atburði.

Menningarfulltrúar á landsbyggðinni hafa haft með sér samstarf og hist reglulega og hefur menningarfulltrúi Vestfjarða verið virkur í því. Þannig funduðu menningarfulltrúar landshlutanna til dæmis á Hólmavík haustið 2008 og ræddu um starfsemina og sameiginleg verkefni og baráttumál. Samstarf sem þetta er mjög gagnlegt.

Tekjur og ráðstöfun þeirra

Tekjur Menningarráðs árið 2008 voru framlög ríkisvaldsins, samtals 32 milljónir og einnig vaxtatekjur sem reiknaðar voru í lok árs af innistæðu á bankareikningum.

Framlög sveitarfélaga á árinu 2008 voru samkvæmt samningi milli þeirra og ríkisins þriðji hluti af rekstrarkostnaði og 17,5% af verkefnastyrkjum, samtals 10.282.851.-

Tekjur voru nýttar til reksturs Menningarráðsins, skrifstofu og starfsmanns, funda og ferða, auk þess sem veittir voru styrkir til menningarverkefna, samtals að upphæð 35.000.000.-

3. Úthlutun styrkja 2008

Styrkveitingar til menningarverkefna 2008

Menningarráð ákvað að auglýsa tvisvar sinnum eftir styrkumsóknum á árinu 2008, vor og haust. Við þá ákvörðun var lagt til grundvallar að slík tilhögun myndi henta menningarstarfi á starfsvæðinu betur en ein úthlutun á ári.

Vegna fyrri úthlutunar var auglýst eftir umsóknum þann 14. febrúar og var umsóknarfrestur til 15. mars 2008. Sérstakar úthlutunarreglur eru hverju sinni kynntar og hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsókna og koma fram í þeim helstu áherslur Menningarráðsins við styrkveitingar í hvert skipti. Ennfremur kemur þar skýrt fram hverskonar verkefni eru ekki styrkt og að ráðið leggur áherslu á menningarstarfsemi og veitir eingöngu verkefnastyrki en ekki beina rekstrarstyrki. Annars eru reglur endurskoðar við hverja úthlutun og áherslur breytist milli úthlutana. Úthlutunareglur við fyrri úthlutun 2008 voru eftirfarandi:

- 1. Tilgangur styrkjanna er, skv. samningi sveitarfélaga á Vestfjörðum, menntamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytis að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum.*
- 2. Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Vestfjörðum.*
- 3. Menningarráð Vestfjarða hefur ákveðið að við fyrri úthlutun ársins 2008 verði litið sérstaklega til menningarverkefna sem fela í sér eftirtaldar áherslur:*
 - a. Nýsköpun á sviði lista og menningarstarfs.*
 - b. Verkefni sem miða að fjölgun starfa.*
 - c. Samstarf milli menningarstofnanna, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.*
 - d. Verkefni sem stuðla að þátttöku barna, unglinga og eldri borgara í listsköpun og menningarstarfi.*
 - e. Verkefni sem stuðla að eflingu fagþekkingar á sviði menningar og lista.*
- 4. Menningarráðið veitir styrki til afmarkaðra menningarverkefna. Ráðið veitir ekki styrki til reksturs menningarstofnana eða félaga eða vegna stofnkostnaðar og endurbóta á húsnæði. Ekki verða veittir styrkir vegna skráningar á menningarminjum, hefðbundinna bæjarhátíða, almennra samkoma án sýnilegrar sérstöðu (s.s. tónleika og sýninga), starfsemi íþróttafélaga eða hefðbundins menningarstarfs safnaða og innan skóla.*

5. Styrkir Menningarráðsins geta aldrei verið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar við verkefni.

6. Í umsókninni verður að vera greinargóð lýsing á verkefninu með verkáætlun og tímasetningum, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun). Einnig þarf greinargóðar upplýsingar um aðstandendur og samstarfsaðila, ef þeir eru til staðar, og hlutverk þeirra í verkefninu.

7. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.

8. Menningarráð Vestfjarða og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu og eftirfylgni. Styrkþegi skal skila lokaskýrslu sem felur í sér lýsingu á framkvæmd og árangri verkefnisins, ásamt yfirliti um kostnað. Eins ber styrkþega að veita Menningarráði Vestfjarða upplýsingar um framkvæmd verkefnisins og skila áfangaskýrslu þegar og ef eftir því er leitað. Útborgun styrkja er að hluta til háð skilum lokaskýrslu og ef ekkert verður af verkefni eða verulegar breytingar verða á því eru styrkir afturkræfir.

9. Menningarráð Vestfjarða heitir fyllsta trúnaði gagnvart umsækjendum varðandi umsóknir þeirra.

10. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum frá Menningarráðinu og er mælt til þess að þær séu sendar inn rafrænt í gegnum vefsíðu Menningarráðsins eða í tölvupósti. Umsóknir sem sendar eru í pósti þurfa að vera póststimplaðar eigi síðar en síðasta umsóknardag.

Styrkir við fyrri úthlutun 2008 voru afhentir við hátíðlega athöfn í Félagsheimilinu á Hólmavík á sumardaginn fyrsta, 24. apríl 2008, um leið og Þróunarsetur að Höfðagötu 3 á Hólmavík var formlega tekið í notkun. Þar höfðu þá ýmsar stofnanir og fyrirtæki hreiðrað um sig með skrifstofuaðstöðu, auk þess sem námsver og salur með fjarfundarbúnaði er í húsinu. Þeir sem höfðu skrifstofu í húsinu við opnun voru Menningarráð Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða, Strandagaldur, Þjóðfræðistofa, prent- og útgáfuþjónustan Gagnvegur og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Við athöfnina voru flutt erindi í tilefni af úthlutun Menningarráðsins og opnun Þróunarsetursins, auk þess sem boðið var upp á kaffiveitingar. Allmargir tóku til máls á athöfninni, auk þess sem Jón Jónsson menningarfulltrúi Vestfjarða og Gunnar Hallsson formaður Menningarráð Vestfjarða kynntu niðurstöður Menningarráðsins varðandi styrkveitingar. Eins og áður var mikil áhersla lögð á mögulega atvinnusköpun og að stuðla að tilurð skapandi starfa í fjórðungnum við úthlutun ráðsins, auk þess sem sérstök áhersla var að þessu sinni lögð á verkefni sem virkja eldri borgara og ungmenni til þátttöku í list- og menningarverkefnum.

Menningaratriði voru auk þess á dagskránni við athöfnina, atriði og tónlist úr Dýrunum í Hálsaskógi sem sett var upp vorið 2008 í samvinnu Tónskólans og

Grunnskólans á Hólmavík og Leikfélags Hólmavíkur með stuðningi frá Menningarráði Vestfjarða.

Vegna seinni úthlutunar á styrkjum Menningarráðs á árinu 2008 var auglýst eftir styrkumsóknum 1. september og var umsóknarfrestur til 3. október. Við seinni úthlutun var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á verkefni sem tengdust útgáfu og miðlun, auk þess sem áhersla var áfram lögð á verkefni sem fólu í sér nýsköpun og atvinnusköpun eða stuðluðu að samstarfi. Áherslur Menningarráðs Vestfjarða við síðari úthlutun voru eftirfarandi, samkvæmt úthlutunarreglum sem annars voru að mestu leyti samhljóða reglum við fyrri úthlutun ársins 2008:

- a. Nýsköpun á sviði lista og menningarstarfs.
- b. Verkefni sem miða að fjölgun starfa.
- c. Samstarf milli menningarstofnanna, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.
- d. Útgáfa fræði- og ritverka sem lúta að menningu og sögu Vestfjarða.
- e. Útgáfa mynd- og hljóðdíska sem hafa menningarlegt gildi og sýnilega sérstöðu.

Styrkir Menningarráðs Vestfjarða við síðari úthlutun á árinu 2008 voru síðan afhentir við hátíðlega athöfn í Sjóráningjahúsinu á Patreksfirði föstudaginn 21. nóvember. Eins og aðrar úthlutunar Menningarráðsins var athöfnin í Sjóráningjahúsinu kynnt opinberlega og opin öllum sem áhuga hafa. Í kynningu voru sveitarstjórnarmenn og þeir sem standa í eldlínunni í menningarstarfi á Vestfjörðum sérstaklega boðnir velkomnir, hvort sem þeir tóku við styrkjum eða ekki. Á dagskrá voru erindi, afhending styrkja og sýnishorn af öflugum vestfirsku menningarlífi. Í lokin á þessari formlegu athöfn var boðið upp á léttar veitingar í Sjóráningjahúsinu.

Yfirlit um styrkþega 2008

Við fyrri úthlutun ársins 2008 bárust 110 umsóknir um stuðning til menningarverkefna til Menningarráðs Vestfjarða, samtals var beðið um styrki að upphæð rúmar 86 milljónir.

Menningarráðið samþykkti síðan eftir umfjöllun um umsóknirnar að veita styrki til 47 verkefna við fyrri úthlutun ársins 2008, samtals að upphæð rúmar 17,6 milljónir. Styrkirnir voru að þessu sinni á bilinu frá 100 þúsund til 1,5 milljón. Áhersla var lögð á atvinnuskapandi verkefni við úthlutun Menningarráðsins að þessu sinni, verkefni sem talin voru geta skapað störf í menningargeiranum til framtíðar. Má segja að það hafi verið leiðarstefið við úthlutun styrkja frá upphafi í starfi Menningarráðs Vestfjarða, þótt auðvitað mótist niðurstaðan einnig af þeim umsóknum sem berast og gæðum þeirra hverju sinni.

Eftirtaldir aðilar, fyrirtæki, félög, menningarstofnanir og einstaklingar fengu verkefnastyrki við fyrri úthlutun ársins 2008:

Í einni sæng ehf: Eitur í æðum - 1.500.000

Tónlistarfélag Ísafjarðar - 1.100.000.- (samts, 2 verkefni):

Afmæli Tónlistarfélags Ísafjarðar - Tónlistardagurinn mikli - 700.000

Sumarið í Hömrum 2008 - 400.000

Félag áhugamanna um Skrímslasetur: Kvikmyndaefni fyrir Skrímslasýningu - 1.000.000

Sauðfjársetur á Ströndum - 1.000.000 (samts, 2 verkefni):

Búskapur á Ströndum - upptökur og miðlun á sjónrænum heimildum - 750.000

Sauðfé í sögu Þjóðar. Þýðing sýningartexta á ensku og þýsku - 250.000

Kómeðiuleikhúsið 1.000.000 (samts, 2 verkefni):

Leiklistarhátíðin Act alone 2008 - 700.000

Steinöld - leiksýning - 300.000

Strandagaldur ses - 950.000 (samts, 2 verkefni)

Hönnun Kistunnar í Trékyllisvík - 750.000

Merkingar á menningarminjum í Hveravík við Steingrímsfjörð - 200.000

Úlfur Þór Úlfarsson: Stuttmyndakeppni á Ísafirði - 500.000

Geir Gestsson: Skjaldborg08 - 500.000

Félagið Við Djúpið: Tónlistarhátíðin og masterklassarnir Við Djúpið 2008 - 500.000

Leikfélag Patreksfjarðar: Sjórnæringjar á plani - 500.000

Súðavíkurhreppur: Uppbygging Vatnsfjarðar sem minjastaðar - 500.000

Edinborgarhúsið: Listviðburðir í Edinborgarhúsi - 500.000

Leikfélag Hólmavíkur - 500.000 (samts, 2 verkefni)

Þjóðsagnadagskrá - 300.000

Búningasafn og áhaldasafn Leikfélags Hólmavíkur - 200.000

Félag áhugaf. um stofnun Grásleppusetur: Grásleppu- og nytjasetur Stranda á

Drangsnesi - 400.000

Sandborg ehf : Uppsetning Lister vélasafns - 400.000

Steinshús ses: Steinshús - 400.000

Unnsteinn H. Ólafsson og félagar: Búvélasafnið á Grund í Reykhólasveit - 400.000

Hafstraumar: Hafstraumar 2008 - 400.000

Ljósop ehf: Súgandi - heimildamynd - 400.000

Ljósmyndasafn V.-Barð: Ljósmyndasafn V.-Barð. og sumarsýningin Atvinnulíf liðinnar aldar - 400.000

Félag um Snjáfjallasetur - 400.000 (samts, 2 verkefni)

Steinn Steinarr - 100 ára minning - 200.000

Kaldalón og Kaldalóns - sýning á Ísafirði - 200.000

Við Djúpið ehf Saga frumkvöðla í Bolungarvík - 300.000

Eva Ísleifsdóttir, Monika Frycova, Jón Þórðarson og Gallerie Dynjandi: Ljóðlist á myndrænan hátt - 300.000

Þjóðfræðistofa Leitín að Gísla: heimildamynd um slóðir Gísla sögu Súrssonar - 300.000

Safn Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri: „Breaking the barriers.“ Alþjóðleg heimildamyndahátíð og ráðstefna á Ísafirði - 300.000

Gagnvegur: Steinn Steinarr - málþing og útgáfa myndskreytts ljóðaheftis - 300.000

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: „Hér býr ánægjan.“ Sýning um skáldkonuna Höllu á Laugabóli - 250.000
Bryggjuhátið á Drangnesi, Kaldrananeshreppur: Kvæðaperlur úr Kaldrananeshreppi - 250.000
Vestfirðir á miðöldum: Kapólskir Vestfirðir í fortíð og nútíð - 250.000
Kaffi- og veitingastofan Þorpið: Saga „Þorpsins“ Patreksfjarðar í máli og myndum - 250.000
Skiptá, félag áhugafólks um menningu og sögu: Matur og menning á suðursvæði Vestfjarða - 250.000
Marsibil G. Kristjánisdóttir: Gísla saga Súrssonar í myndum - 250.000

Vagna Sólveig Vagnsdóttir: Fólkið úr fjöllumum - 200.000
Héraðsbókasafn Strandasýslu: Strandir og Strandamenn í bókmenntum - 200.000
Ylfa Mist Helgadóttir: Leiklistarnámskeið fyrir unglunga - 200.000
Sögur útgáfa: Ferð án fyrirheits - 200.000
Tónlistarskóli Ísafjarðar - 200.000 (samts, 2 verkefni)
 Þátttaka Hátíðarkórs T.Í. í tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands - 100.000
 Flutningur Jóhannespassíunnar eftir Bach í örútgáfu í Ísafjarðarkirkju á föstudaginn langa - 100.000

Björn Samúelsson: Hólar og Dalir - myndlistarverkefni - 150.000

Þjóðbúningafélag Vestfjarða: Leikföng, skart og klæði fyrr á dögum - 100.000
Byggðasafn Vestfjarða: Uppsetning á sýningu á Harmonikkusafni Ásgeirs S. Sigurðssonar - 100.000

Við seinni úthlutun ársins 2008 bárust 77 umsóknir og fengu 52 þeirra jákvæða afgreiðslu og samtals styrki að upphæð 17,4 milljónir. Voru einstakir verkefnastyrkir við síðari úthlutun á bilinu frá 50 þúsund til 1 milljón. Styrkirirnir fóru til fjölbreyttra verkefna sem sýna glöggt þann kraft og frumkvæði sem býr í vestfirsku menningarlífi. Margvísleg útgáfuverkefni voru þó áberandi við úthlutun að þessu sinni, enda var lögð sérstök áhersla á að styrkja slík verkefni við þessa úthlutun. Átti það bæði við um útgáfu bóka og tónlistar.

Listi um styrkþega við síðari úthlutun ársins 2008 er svohljóðandi:

Strandagaldur ses - 1.200.000.- (samts, 2 verkefni)
 Heimildamynd um galdrafárið í Trékyllisvík - 1.000.000.-
 Barnarímur Ásu Ketilsdóttur - 200.000.-

Alþýðusamband Vestfjarða: Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum 1906-2006 - 1.000.000.-
Sögunefnd byggðasögu Strandamanna: Strandabókin byggðasaga - 1.000.000.-

Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða: Vestfjarðarit IV (Vestur-Barðastrandarsýsla) - 700.000.-
Aldrei fór ég suður, félag: Aldrei fór ég suður - 700.000.-

Arnarsetur Íslands: Arnarsetur - hönnun og undirbúningur sýningar - 700.000.-
Kómedíuleikhúsið og Act Alone leiklistarhátíð - 700.000.- (samts, 2 verkefni)
Auðun og ísbjörninn - leiksýning - 400.000.-
Íslenskir einleikir - Söguleg ferðasýning - 300.000.-

Íþróttafélagið Höfrungur Þingeyri: Söngleikurinn Dragedukken - 500.000.-
Byggðasafn Vestfjarða: Saltfiskuppskriftir og hljómdiskur - saga og menning - 500.000.-
Menningarmiðstöðin Edinborg: Listviðburðir Menningarmiðstöðvarinnar júlí-desember 2008 - 500.000.-
Snjáfjallasetur - 500.000.- (samts, 2 verkefni)
Útgáfa á kveðskap frá Snæfjalla- og Grunnavíkurr. úr segulbandasafni Árnastofnunar - 200.000.-
Sýning um skólahald í heimangönguskólanum að Lyngholti á Snæfjallaströnd - 300.000.-
Sauðfjársetur á Ströndum - 500.000.- (samts, 2 verkefni)
Líf og starf ráðunautar - sérsýning um Brynjólf Sæmundsson - 300.000.-
Útgáfa fræðsluhefta um sauðfjárbúskap og bændamenningu - 200.000.-

Sjóræningjahúsið: Sögur úr grjóti - 400.000.-
Vestfirðir á miðöldum: Vatnsfjarðarsaga - 400.000.-
Leikfélagið Baldur Bildudal: Bildudals bacalao - sumarleikhús - 400.000.-
Óstofnað félag um Sögusetur og söguslóð Spánverjavíganna 1615: Spánverjavígin 1615.
Sögusetur - söguslóð - 400.000.-
Kvenfélagið Ósk: Safn sem hýsir sögu kvennamenningar, lista og handverks - 400.000.-
Brúðuleikhúsið Dúkkukerran: Leikbrúðusýningin Þjóðbrók - 400.000.-
Félag áhugamanna um skrímslasetur: Skrímslasögur lifna við - 400.000.-
Tónlistarfélag Ísafjarðar: Afmælistónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar 2008-9 - 400.000.-
EagleFjord ehf. og Gallerie Dynjandi - 400.000.- (samts, 2 verkefni)
Bildudalsstein - 200.000.-
Vestfirðir að vetri - 200.000.-

Bjarni Ómar Haraldsson - 350.000.- (samts, 2 verkefni).
Fyrirheit, hljómplötuútgáfa - 250.000.-
Útgáfutónleikar og tónleikaröð - 100.000.-

Vesturbyggð: Merkingar eyðibýla í Vesturbyggð - 300.000.-
Þjóðfræðistofa: Leitin að Gísla - annar áfangi heimildamyndar - 300.000.-
Passport Kvikmyndir: Norð Vestur - 300.000.-
Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar: Námskeið - leiklist og söngleikur - 300.000.-
Sögufélag Barðastrandasýslu: Endurútgáfa Árbókar Barðastrandasýslu - 300.000.-
Félagið Hús og fólk: Á mölinni: Textar og teikningar - 300.000.-

Litli leikklúbburinn: Úti er alltaf að snjóa - Leik- og söngdagskrá - 250.000.-
Þórarinn Hannesson: Þorpið - ljóðaleikur - 250.000.-
Birgir Örn Sigurjónsson: BIX - hljómdiskur - 250.000.-
Lilja Sigurðardóttir: Hver er ég? - Útgáfa á geisladiski með frumsömdum lögum og textum - 250.000.-
Próstur Jóhannesson: Vorið góða - 250.000.-

Kvennakórinn Norðurljós: Útgáfa hljómdisks með Kvennakórnum Norðurljósum - 250.000.-
Kristján G. Jóhannsson: Sýning um skipasmíðar Marsellíusar Bernharðssonar - 250.000.-
Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: Útgáfa á úrvali ljóða skáldkonunnar Höllu Eyjólfsdóttur frá Laugabóli - 250.000.-
Framför - Styrktarsjóður skíðamanna á Ísafirði: Ísfirskir Ólympíufarar - 250.000.-
Þjóðbúningafélag Vestfjarða: Dagatal Þjóðbúningafélags Vestfjarða - 200.000.-
Ómar Smári Kristinsson: Teikningar af vestfirskum byggðum - útgáfa handgerðra dagatala - 100.000.-
Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna: Kuml í Berufirði - rafræn miðlun - 100.000.-
Thorp ehf: Hnyðjur - ljóðabók Þorgeirs Sigurðssonar frá Stóra Fjarðarhorni - 100.000.-
Lisbet Harðardóttir: Búrið - listagallerí - 100.000.-
Óbeisluð feгурð: Óbeisluð feгурð, útgáfa heimildarmyndar á DVD - 100.000.-
Hollvínafélag Gvendarlaugar hins góða: Gvendarlaug hins góða - Byggingarsaga sundlauga í Bjarnarfirði og saga Sundfélagsins Grettis - 100.000.-
Skiptá, áhugamannafélag um menningu og listir: Tónleikahald á Vestfjörðum - 50.000.-
Laufey Eypórsdóttir: Myndlistarsýningar í Ísafjarðarbæ - 50.000.-

Samtals bárust því 187 umsóknir um verkefnastyrki til Menningarráðs Vestfjarða á árinu 2008 og fengu 99 þeirra jákvæða afgreiðslu. Við afgreiðslu umsókna var á árinu 2008, eins og frá upphafi, lögð áhersla á að saman færi áhugaverð verkefni og vandaðar umsóknir. Stjórn Menningarráðsins lítur svo á að eðlilegast sé að það fjármagn sem það hefur til ráðstöfunar sé veitt eins og úr samkeppnisjóði þar sem umsóknir eru bornar saman og metnar á samkeppnisgrundvelli. Síður er tekið tillit til annarra þátta eins og t.d. staðsetningar verkefna eða einhvers konar jöfnunar-sjónarmiða.

Samningar við styrkþega og eftirfylgni

Eftir að verkefni fá styrk frá Menningarráði er gerður sérstakur samningur um greiðslu styrksins í tveimur hlutum. Fyrri hluti er greiddur þegar verkefni hefst og samningur um stuðninginn hefur verið gerður og undirritaður, en síðari hluti eftir að lokaskýrslu hefur verið skilað.

Samningur um stuðning við menningarverkefni

Síðari úthlutun 2008

Samningsaðilar:

Samningsaðilar eru Menningarráð Vestfjarða, kt. 650907-1670, **XXX**, kt. **XXX**. Verkefnið sem styrkt er ber titilinn: **XXX**.

Forsvarsmaður verkefnisins:

Forsvarsmaður verkefnisins er **XXX** og ber hann ábyrgð á framkvæmd verkefnisins gagnvart Menningarráði Vestfjarða.

Verkefnið:

Lýsing á verkefninu fylgdi umsókn til Menningarráðs og ábyrgist forsvarsmaður að framvinda verksins verði með þeim hætti sem þar er lýst. Stuðningur Menningarráðs Vestfjarða við verkefnið er bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess verði í samræmi við áætlanir.

Greiðsluáætlun og skilmálar:

Menningarráð Vestfjarða veitir verkefninu styrk að upphæð kr. **XXX.-** sem greiðist í tvennu lagi inn á bankareikning verkefnisins: **XXX**, kt. **XXX**. Fyrri hluti, helmingur styrksins, er greiddur eftir undirritun samnings og seinni greiðslan þegar verkefninu eða tilteknum áfanga þess er lokið. Áður en seinni greiðslan er greidd út þarf styrkþegi að skila lokaskýrslu þar sem fjallað er um stöðu verkefnisins, framkvæmdir, árangur og kostnað. Menningarfulltrúi getur óskað eftir að sjá bókhaldsgögn tengd verkefninu. Styrkur Menningarráðs getur aldrei orðið hærri en 50% af kostnaði við verkefni.

Ef ekkert verður af verkefni er styrkur Menningarráðs Vestfjarða afturkræfur og sama gildir ef verulegar breytingar verða á verkefninu, án þess að haft hafi verið samráð um þær við Menningarfulltrúa Vestfjarða. Styrkhafi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis.

Kynning:

Stuðnings Menningarráðs Vestfjarða við verkefnið skal getið í kynningarefni og við aðra kynningu þess eftir því sem kostur er. Ætlast er til að verkefni sem styrkt eru af Menningarráði séu að minnsta kosti kynnt og markaðssett á fjórðungsvísu.

Samskipti:

Menningarfulltrúi Vestfjarða sér um samskipti við styrkþega fyrir hönd Menningarráðs Vestfjarða. Styrkþegi skal tilkynna menningarfulltrúa um dagsetningar viðburða sem tengjast verkefnum með góðum fyrirvara. Menningarráðið fer fram á að fá eintak af útgefnum verkum sem það styrkir og tvo boðsmíða á viðburði og uppákomur.

Hólmavík, dags. **XXX**.

F.h. Menningarráðs Vestfjarða

F. h. styrkhafa

Styrkþegar þurfa að skila áfanga- eða lokaskýrslu um gang mála við verkefni áður en síðari hluti styrkja er greiddur út. Hún á að innihalda ýmsar upplýsingar um stöðu verkefnis, mat á ávinningi og árangri, auk yfirlits yfir kostnað og tekjur. Ef lokaskýrsla er ófullnægjandi eða ótrúverðug er beðið um frekari upplýsingar áður en

til greiðslu kemur og jafnvel um aðgang að bókhaldsgögnum verkefna. Sérstakt eyðublað fyrir lokaskýrslur var gert á árinu 2008 til að fá fram upplýsingar sem gagnast starfsemi Menningarráðsins og er það eyðublað aðgengilegt á vef Menningarráðsins. Í því er beðið um eftirtaldar upplýsingar:

Lokaskýrsla til Menningarráðs Vestfjarða

Heiti verkefnis :
Styrkhafi :
Kennitala :
Bankareikningur :
Forsvarsmaður verkefnis :
Styrkuppþæð :

1. Gefið stutt yfirlit um framkvæmd verkefnisins, stöðu þess og framtíð:

2. Gerið grein fyrir fjölda áhorfenda/þátttakenda í verkefninu:

3. Leggið mat á ávinning verkefnisins:

4. **Kostnaðaryfirlit:**

(Gefið sundurliðað yfirlit yfir heildarkostnað við verkefnið og tekjur þess)

Kostnaðarliðir og gjöld

Tekjur

5. Hvernig var verkefnið kynnt/markaðssett og var stuðnings Menningarráðs Vestfjarða getið?

6. Hvernig nýttist og hverju skiptir styrkur Menningarráðsins?

Varðandi verkefni þar sem vinnslutími verður lengri en til stóð samkvæmt umsókn, hefur menningarfulltrúi leitast við að stuðla að því að verkefnin verði að veruleika. Slíkt getur átt sér ýmsar orsakir, eins og t.d. erfiðleika við aðra fjármögnum, og tekið er tillit til slíkra þátta. Fylgst er með framvindu þeirra verkefna sem fá styrki eftir því sem kostur er.

4. Staða menningarmála á Vestfjörðum

Þegar lagt er mat á árangur af starfi Menningarráðs Vestfjarða þarf að hafa í huga að starfsemin hófst ekki af krafti fyrr en í september 2007 og stutt er síðan fyrstu styrkjum var úthlutað, í desember sama ár. Reikna má með að 4-5 ár þurfi að líða til að ávinningurinn af starfsemi og styrkjum Menningarráðsins verði vel sýnilegur. Þó hafa ýmis verkefni þegar orðið að veruleika sem varla hefðu orðið ef ekki hefði

komið til stuðningur Menningarráðsins og ljóst er að í einstaka tilvikum má rekja uppbyggingu, gæðapróun og fjölgun skapandi starfa í fjórðungnum beint til starfseminnar. Nálægð Menningarráðsins við styrkþega og þekking á starfsemi og árangri einstakra stofnana, fyrirtækja og félaga, skiptir líka miklu um að fjármagnið nýtist sem best.

Það er hins vegar engum blöðum um það að fletta að staða menningarlífs í fjórðungnum er sterk og Vestfirðingar standa að mörgu leyti vel að vígi í menningarmálum. Það hefur verið sérstaklega mikið að gerast síðustu misseri í margvíslegri uppbyggingu og þróun í menningartengdri ferðaþjónustu og má nefna starfsemi Strandagaldurs og víkinganna á Þingeyri sem dæmi. Þau verkefni á Vestfjörðum eru framarlega á landsmælikvarða og önnur sem eru í undirbúningi hafa alla burði til að verða af sama standard, svo sem Skrímslasetrið á Bíldudal. Þannig er mikil þróun á sviði safna, setra og sýninga á Vestfjörðum og má segja að næstu ár verði mjög spennandi að því leyti, enda eru miklir möguleikar á atvinnusköpun og fræðastarfi tengdir þessari uppbyggingu.

Sérstaklega er ánægjulegt að sjá hvað safnageirinn á Vestfjörðum er í miklum mæli farinn að hugsa sín verkefni og framtíðaráform í nánnum tengslum við atvinnuuppbyggingu og fjölgun starfa, eins og til dæmis má sjá í hugmyndavinnu Byggðasafns Vestfjarða. Mikilvægt hlýtur að teljast að efla í senn starfsemi þeirra stofnana sem þegar eru starfandi á þessu sviði og einnig að aðstoða þá sem eru komnir vel á veg við uppbyggingu til að ljúka sínum verkefnum.

Tónlistarlífið á Ísafirði og nágrennabæjum er örugglega einstakt á landsbyggðinni, bæði fjöldi tónlistarviðburða og gæði þeirra. Á sama stað er starfandi atvinnuleikhús og listaskóli sem stendur fyrir margvíslegu námskeiðahaldi. Tónskólar eru öflugir víða í fjórðungnum og í tengslum við þá fer mikil listsköpun fram.

Loks bera að nefna árvissar listahátíðir sem eru mjög vel heppnaðar og Menningarráðið hefur stutt við og bindur miklar vonir við – s.s. tónlistarhátíðirnar Við Djúpið og Aldrei fór ég suður á Ísafirði, einnig leiklistarhátíðina Act Alone og heimildamyndahátíðin Skjaldborg á Patreksfirði. Þessar listahátíðir hafa mikil margfeldisáhrif sem efla menningarlífið.

Verðlaun á landsvísu sem féllu í hlut vestfirskra menningarstofnanna og verkefna staðfesta þá skoðun að menningarlífið sé í blóma á svæðinu. Byggðasafn Vestfjarða fékk íslensku safnaverðlaunin á árinu 2008 og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fékk Eyrarrósina, en hún er árlega veitt einu framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Strandagaldur fékk Eyrarrósina árið áður. Þá má nefna að Act Alone leiklistarhátíðin fékk menningarverðlaun DV og Sigríður Ragnarsdóttir skólustjóri Tónlistarskólans á Ísafirði var á árinu sæmd fálkaorðunni fyrir störf sín.

Starfsemi Menningarráðs Vestfjarða árið 2008, fyrsta heila starfsárið, hefur gengið býsna vel og svo virðist sem almenn ánægja sé með störf og tilvist ráðsins. Starfsemin leiðir án vafa til jákvæðrar gæðaþróunar, uppbyggingar og eflingar fagmennsku í menningarstarfi á svæðinu. Jafnframt eru miklar vonir bundnar við að Menningarráðið verði lykilaðili við fjölgun skapandi starfa á Vestfjörðum.

Ríkisvaldinu og sveitarfélögum á Vestfjörðum er að lokum kærlega þakkað fyrir stuðninginn við Menningarráð Vestfjarða á árinu 2008. Ráðið mun gera sitt besta til að starf þess verði til heilla fyrir menningu, mannlíf og byggð á Vestfjörðum.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða